

## GJALDSKRÁ

**fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum í Borgarbyggð.**

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa skv. 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 898/2022. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum, ber sveitarfélaginu að taka við þeim úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu og færa hann til viðeigandi meðhöndlunar.

2. gr.

Förgunargjaldið byggist á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Búnaðarstofu og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahrae séu sótt reglulega til bænda og komið í viðeigandi meðhöndlun.

3. gr.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð verður sem hér segir:

Grunngjald 29.945 kr. á öll lögbýli þar sem haldnar eru skepnur.

Því til viðbótar leggst gjald á hvern grip:

Sauðfé	138 kr.
Nautgripir	446 kr.
Hross	443 kr.
Hænsn	2 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 7. desember 2022, er samin með heimild í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og ákvæði 59. gr. laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur þá úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1714/2021.

*Borgarnesi, 19. desember 2022.*

**Stefán Broddi Guðjónsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. janúar 2023